

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI 2016

FUNDARGERÐ VERKFUNDAR

Framkvæmdaraðili: Hafnarfjarðarbær	Fundur nr. : 17
Verktaki: Munck Íslandi ehf	
Fundarstjóri: Arnar Smári Þorvarðarson	Fundarritari: Hilmar Ástþórsson
Fundarstaður: Verkstað	
Pátttakendur:	24.01.2018
Hreinn Sigurðsson (HS) Munck hreinn@munck.is 8422116	Frá kl. : 9:30
Theodór Sólonsson (TS) Munck teddi@munck.is 8422142	Til kl. : 12:00
Arnar Smári Þorvarðarson (ASÞ) Verki ast@verkis.is 8923935	
Hilmar Ástþórsson (HÁ) Verki hia@verkis.is 8460011	
Gísli Ó. Valdimarsson (GÓV) VSB gisli@vsb.is 6608612	
Dreifing: Fundarmenn	Næsti fundur:
Guðmundur Þórðarson (GP) Munck gudmundur@munck.is 8422118	Miðvikudaginn 7.
Stefán Veturliðason (SV) VSB stefan@vsb.is 6608606	febrúar 2018, kl
Sigurður Haraldsson (SH) Hfj.bær siggih@hafnafjordur.is 6645631	9:30 á verkstað.



Vettvangsmynd fundardag. (Yfirlitsmynd af nýbyggingu. Búið er að steypa upp vegg 2.hæðar, uppsláttur á veggjum 3.hæðar í austurhluta hafinn og unnið að jámbendingu á plötu yfir 2.hæð.)

- Nr. FUNDARGERÐ:** **Frestur:** **Ábm.:**
Skáletraður texti er óbreytt bókun frá síðasta fundi.
- Fundargerðir.**
Fundargerð síðasta verkfundar, nr. 16 var yfirfarin og undirrituð. Haldnir hafa verið 7 rýnifundir og eru gerðar um þá sér fundargerðir.
 - Umsjón verkkaupa.**
Umsjón verkkaupa er :
Verkefnisstjóri: Stefán Veturliðason (VSB)



Byggingastjóri: VSB verkfræðistofa, umsj. Gísli Ó Valdimarsson
Umsjónarm. eftirlits: Arnar Smári Þorvarðarson (Verkís)
Eftirlit: Hilmar Ástþórsson (Verkís)

3. Umsjón verktaka.

Umsjón verkkaupa er :

Verkefnastjóri: Guðmundur Þórðarson
Staðarstjóri: Hreinn Sigurðsson
Verkstjóri: Theodór Sólonsson
Jarðvinna: Einar Þór Sigurðsson
Tæknimaður: Bartosz Dziub
Gæðastjóri: Sigurbjörn Bárðarson

Verktaki upplýsir um að Theodór muni fara í frí 1.febrúar og vera fjarverandi til 5.mars. Þá mun Bartosz einnig vera frá vinnu frá 2.febrúar til 12.febrúar. Ekki liggur fyrir hver muni leysa þá af en unnið er að því að leysa það.

4. Tryggingar.

Verktrygging – Trygging liggur fyrir og er hluti samningsgagna.

Ábyrgðatryggingar - Staðfesting liggur fyrir frá tryggingafélagi að trygging sé í gildi.

Verktaki hefur upplýst að ekki sé þörf á brunatryggingu a.m.k. ekki fyrr en eftir áramót. Verktaki er farinn að huga að því að læsa byggingu og líklegt að farið verði að huga að tryggingum í febrúar, frekari umræður hvað það varðar þegar nær dregur.

5. Öryggisráðstafanir/öryggismál.

Verktaki hefur lagt fram Öryggishandbók (RFI #13) þann 21.07.2017

Verktaki hefur sent afrit af eigin úttektum öryggismála, nr. 68, til og með 1. nóvember 2017.

Vinnuslys sem varð þann 17.07.17 á verkstað er í rannsókn hjá Vinnueftirlitinu og Lögreglu. Ekki liggur fyrir skýrsla aðila.

Áréttað er við verktaka að hlið inn á vinnusvæði skuli ávallt vera lokað. Það hefur nokkuð borið á misbrestum hvað þetta varðar á hliði að ofanverðu (við Sólvangsveg).

Búið er að setja upp gönguhlið að ofanverðu (við Sólvangsveg).

Hreinn benti á með tölvupósti þann 22.12.2017 að HS Veitur hafi komið vinnustaðaskilti MUNCK fyrir á óheppilegum stað við Sólvangsveg á meðan þeir athöfnuðu sig. Á þetta var bent á sínum tíma, en skilti stendur enn á sama stað. Málefni verður endurvakið hjá HS Veitum og þeir beðnir um að færa vinnustaðaskilti á heppilegri stað. Óbreytt

GÓV

6. Undirverktakar/meistarar.

Undirverktakar:

- Pípulagnir: Pípulagningameistarinn ehf.
- Uppsáttur og uppsteypa veggja: Roko (Pólskt fyrirtæki)
- Blíkksmíði og loftræsting: Stjórnublikk ehf.
- Raflagnir: Tengill ehf.
- Járnending: Járn SFM ehf



- GE verktakar ehf: Léttir gífsveggir og loft.
- Aðrir undirverktakar verða gefnir upp síðar.

Iðnmeistarar:

- Pípulagningameistari: Magnús Kristinsson
- Húsasmíðameistari: Tómas Haukur Tómasson
- Raflagnameistari: Haraldur Jón Arason
- Blikksmíðameistari: Finnbogi Geirsson
- Dúklagningameistari: Örn Gunnarsson
- Múrarmeistari: Yngvi Eiríksson
- Málarmeistari: JH Málun ehf
- Flotun: Guðmundur Björnsson

Undirskriftir helstu meistara liggja fyrir og hefur áritunum verið komið til byggingaryfirvalda, nú um miðjan nóvember. Verktaki mun ganga frá þeim undirskriftum meistara sem uppá vantar (málun, flotun og dúkalögn).

31.01.18 HS

7. Aðstaða verktaka.

Verktaki hefur lokið uppsetningu, vinnubúða, krana og hliða auk þess hefur bráðabirgðatengingum verið komið á vegna rafmagns, vatns og fráveitu.

Veitur hafa lagt nýja hitaveituheimæð í nýbyggingu og var tengigrind uppsett og áhleypt þann 13. desember. Verktaki er því með aðgang að heitu vatni í nýbyggingu og eru vatnshitablásarar uppsettir og komnir í gagnið í kjallara og á 1.hæð.

Stöðug kynding húss hófst:

Kjallari : 14 desember

1.hæð : 14. Desember í austurhluta, um miðjan janúar í vesturhluta.

Verktaki hyggst bæta enn frekar í, hefur fengið fleiri vatnshitablásara á verkstað sem fyrirhugað er að koma í gagnið á næstu dögum.

Sem stendur eru vatnshitablásarar raðtengdir sem verktaki ráðgerir að breyta til að auka afköst kyndingar.

TS

8. Athafnasvæði.

Skilgreint vinnusvæði er innan girðingar.

Mikilvægt að vinnusvæði sé ávallt lokað og ekki opið fyrir umf. óviðkomandi og það á jafnframt við um hlið.

Upplýsingaskilti fyrir framkvæmdina voru uppsett laugardaginn 13.01.2018. Annað upplýsingaskiltið er staðsett að ofanverðu við Sólvangsvog og hitt að neðanverðu við Tjarnarbraut.

Í framhaldi af ósk verktaka þar um mun ASP skoða hvenær verktaki geti fengið svæði norðan við heilsugæsluna til breytinga og endurgerð lóðar, sem líklegast verður ekki fyrr en á vormánuðum, mars 2018 (?).

9. Veitustofnanir.

Heimæð fyrir heitt vatn og kalt vatn

Heitt vatn:

Ný heimæð er lögð og hleypt var á 14. desember.



Kalt vatn:

Í desember var gerð tilraun að leggja kalt neysluvatn inn fyrir byggingargirðingu, núverandi lög í austurkant Sólvangsvegjar fannst þó ekki. Stefnt er að því að önnur tilraun verði gerð á hentugri tímasetningu, líklega í kringum páska (þegar Lækjarskóli fer í fri). Bráðabirgðavegur þarf að ganga inn á framkvæmdasvæði á meðan, til að þjónusta strætó. Breytingar hafa orðið á heimtaug kalda vatns, sem fer úr $\Phi 90$ í $\Phi 110$ mm og hafa lagnateikningar verið uppfærðar og endurútgefnar.

Rafmagnsheimtaug

HS veitur vinnu að því að styrkja rafmagnsskáp við Sólvangsveg, þaðan sem rafmagnsheimtaug fyrir nýbyggingu verður síðar tekin. Lagnaleið inn í nýbyggingu liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Rafveita og Míla eru komin inn fyrir byggingargirðingu frá Sólvangsvegi (u.þ.b 2m inn fyrir girðingu). Gagnaveita liggur við byggingargirðingu, þar sem tilvonandi stígur mætir Sólvangsvegi.

10. Samstarf við aðra.

Verkkaupi (GÓV/ASP) mun undirbúa í samráði við stjórnendur Sólvangs, hvernig verður staðið að tengingum við byggingarhlutann og gera grein fyrir útfærslum við verktaka.

Rétt fyrir klukkan 08:00 síðastliðinn laugardag (20.01.18) var lögregla kölluð til að beiðni nágranna, til að stöðva vinnu verktaka. Kvartað var undan hávaða. Verktaki hyggst breyta vinnutíma sínum á laugardögum, sjá frekar undir lið 12.

11. Gæðamál.

Eftirlit óskar eftir því að verktaki leggi fram gæðahandbók. Ósk um að verktaki leggi fram gæðahandbók ítrekuð.

07.02.18 HS

12. Vinnutími.

Daglegur vinnutími á virkum dögum er frá 07:00 til 17:30 en á laugardögum frá 09:00 til 16:00. Einnig er unnið tilfallandi lengur.

Hreini hefur ekki borist svar frá umhverfissráðuneyti við fyrirspurn sinni í kjölfar kvörtunar Rætt var um að ganga frekar á eftir viðbrögðum og hugsanlega leita svara hjá Mannvirkjastofnun.

HS

13. Mannafli og tæki.

Tæki á verkstað frá síðasta verkfundi:

- 1 Skotbómulyftari
- 0-1 Hjólagrafa
- 0-1 Vörubíll með krana
- 1 Loftpressa (eftir þörfum)
- 2 Byggingakranar (Liebherr 81K og 53K)
- 1 Járnklippur og beygjúvél
- 1 Tækja/geymslugámur
- 3 Jarðvegsþjoppur (750kg og 350 kg)
- 6 masterblásarar (einfaldir)
- 1 Masterblásari (stór, fjórfaldur)



20+ Vatnshitablásarar

Mannaflí á verkstað frá síðasta verkfundi:

1 Staðarstjóri
1 Verkstjóri
1 Tæknimaður
0-1 Mælingamaður
0 Smiðir
0 Jarðvinnu
0 Verkamenn
2-5 Rafvirkjar
0-4 Pípari
4 - 6 Járnamenn
16-17 Mótauppláttur og steypa (Roko) – þar af einn tæknimaður
Alls 25-36 manns

14. Dagskýrslur.

Verktaki hefur ekki lagt fram fleiri dagsskýrslur frá síðustu bókun í fundargerð. Eftirliti hefur borist dagsskýrslur til og með 25.11.17. Verktaki mun senda eftirliti þær dagsskýrslur sem útaf standa, frá og með 26.11.17. 26.01.18 HS

15. Veðurfar.

Búið að vera rysjótt vetrarveður, hvasst þegar hefur hlýnað upp fyrir frostmark og skipst á frost og þýðu.

16. Verkstaða – áætlanir, næstu verk.

Verkstaða:

Aðstaða:

Aðstöðusköpun er að mestu leyti lokið. Búið er að setja upp upplýsingaskilti fyrir framkvæmdina.

Jarðvinna

Búið er að fylla undir grunnplötu í kjallara og grunnplötu 1. hæðar. Fylling að undirstöðum að austanverðu lokið ca. 75%, að norðanverðu er lokið ca. 50%, vestanverðu ca. 50%, sunnanverðu ca. 30%.

Lokið er við lagnaskurði austan við stiga hús, milli húsa.

Burðarvirki

Búið er að steypa þrifalög og nánast allar undirstöður (eftir pl.u. stálstiga).

Búið er að steypa að fullu niðurgrafinn tengigang.

Búið er að steypa vegg kjallara, 1. hæðar og 2.hæðar.

Búið er að steypa plötu yfir 1. hæð og hæðir fyrir neðan.

Búið er að steypa ca. 25% af plötu yfir 2.hæð (rétt yfir módulínu M).

Vinna við uppplátt veggja 3.hæðar í austur er hafinn.

Lagnir

Búið er að leggja lagnir undir grunnplötu kjallara og grunnplötu 1. hæðar.

Búið er að leggja regnvatnslagnir sunnan við hús, austan við stigahús.


Búið er að leggja bráðabirgðalagnir innanhúss fyrir vatnshúsa og tilfallandi niðurföll í svölum.

Raflagnir

Röralagnir í steypu vinnast samhliða steypu.

Búið er að leggja hringjörð jarðskauts. (eftir að mæla það)

Vinnulýsing er uppkomin í kjallara, 1.hæð og í austurhluta á 2.hæðar.





Frágangur utanhúss

Búið er að gustloka kjallara, 90% af 1.hæð og um 75% af 2.hæð (að línu F).

Frágangur innanhúss

Undirbúningur er hafin við létta innveggi 1.hæðar.

Undirbúningur fyrir sandspörslun veggja er hafinn.

Næstu verk: (2 vikur, eða að næsta verkfundi)

Aðstaða

Ekkert bókað.

Jarðvinna

Ekkert bókað.

Burðarvirki

Vinna að uppslætti, járnabindingum og uppsteypu þ.e. ;

Austurhluti: Halda áfram við uppslátt/uppsteypu veggja 3.hæðar.

Vesturhluti: Klára að steypa plötu yfir 2.hæð að fullu.

Lagnir

Fleiri vatnshitablasarar verða tengdir í nýbyggingu, þ.e. á 1. hæð.

Stefnt að því að hefja lagnavinnu í lagnagangi kjallara.

Raflagnir

Vinnast samhliða uppslætti/steypu.

Áfram verður unnið að uppsetningu á vinnulýsingu á 2. hæð.

Loftræsilagnir

Hefja vinnu við stofnlagnir í kjallara.

Frágangur utanhúss

Gustloka 2.hæð að fullu. Í framhaldinu helst gustlokun í hendur við framgang uppsteypu.

Frágangur innanhúss

Hefja uppsetningu léttra innveggja.

Undirbúa flötun gólfa.

17. Verkáætlun.

Ný heildar verkáætlun verktaka, var lögð fram 09.01.2018, sem miðar við verklok 17. nóvember 2018.

Miðað við uppsteypuáætlun fyrir 2018 sem verktaki afhenti 05.01.2018 er uppsteypa á plötu yfir 2.hæð á áætlun. Framgangur á uppsteypu veggja er ekki í samræmi við uppsteypuáætlun.

Uppröðun verkþátta við uppsteypu hefur breyst frá útgáfu uppsteypuáætlunar, verktaki mun endurskoða uppsteypuáætlun m.t.t þess. Uppsteypuáætlun verður uppfærð og endurútgefin.

31.01.18 HS

Samkvæmt uppsteypuáætluninni er ráðgert að uppsteypu nýbyggingar ljúki 09.03.2018.

18. Hönnun (breytingar).

Til stendur að breyta sorpgerði í „djúpgáma“, hönnun ólokið.

Hönnuðir vinna að útfærslu og verður afhent teikning af því.

Í framhaldi af rýnifundi sem haldinn var 30.11.17 varðandi tengibyggingu við Sólvang hafa nýjar uppfærðar burðarvirkjateikningar verið gefnar út. Teikningar eru þó ekki alveg fullunnar og einhverjir vankantar á þeim sem eftirlit hefur vakið athygli á. Boðað verður til rýnifundar að nýju vegna tengigangs og farið yfir óljós mál sem ekki hafa verið leyst.

ASP



19. Teikningar og önnur gögn.

Frá síðasta verkfundi (nr.16) hafa verið gefnar út:

- 14 breyttar teikningar arkitekts

Samtals: 14 breyttar teikningar frá síðasta verkfundi

Alls hafa því verið gefnar út $157+83+33+33+1 = 307$ breyttar útgáfur teikninga. (arkit.+burð.+lagn.+rafl.+lód), auk þess sem 14 nýjar útgáfur teikninga hafa verið gefnar út.

Arkitekt

- Verktaki vekur athygli á að í verklýsingum vanti ýmis litarnúmer, gera þurfi litaskrá. Óafgreitt. 31.01.18 HÁ
- Verktaki vekur athygli á að enn komi til þess að arkitektateikningar prentist með óskilgreindum táknum (□). Þetta kom upp nú síðast þegar verktaki lét prenta verkeikningar arkitekts hjá ljósritunarstofu.

Lagnir

- Regnvatnslagnir í grunn, hönnuðir þurfa að samræma sín á milli og ganga úr skugga um að enga tengingu þakniðurfalla skorti við regnvatnslagnir í jörðu. Svalaniðurföll koma til með að tengjast inn á þakniðurfallsrör. Óafgreitt. 31.01.18 HÁ

Ennfremur eru atriði í rýnifundargerðum sem þarfnast úrlausna.

20. Efnisútvægur / efnisvottorð.

Verktaki hefur lagt fram upplýsingar um; lagnaefni í grunn, steinullareinangrun á undirstöður og undir grunnplötu og járnabakka. Kallað er eftir frekari upplýsingum til samþykktar vegna verkþátta sem eru í gangi og framundan eru. Vantar varðandi fráveitulagnir, raflagnaefni.

Eftirlit vekur athygli á að tímabært er að fara að huga ýmsum efnissamþykktarferlum, t.a.m fyrir lyftu, raflagnaefni í rafmagnstöflur og aðra verkþætti sem stytast fer í að verði unnir. Ítrekað af eftirliti. HS

Óskað eftir því að verktaki fari að huga að útfærslu og frágangsatríðum varðandi gifsveggi/gifsklæðningar tímanlega. Ráðgert er að haldinn verði fundur hvað þessi atriði varðar fljótlega. Rýnifundur nr.7 var haldinn þann 19.01.2018 í aðstöðu verktaka, þar sem farið var í gegnum atriði er snúa að léttum innveggjum.

21. Viðbótarsamningsverk.

Ekkert bókað.

22. Aukaverk.

Verktaki hefur gert grein fyrir kostnaði vegna aukaverka og krafna með orðsendingum. Eftirlit hefur afgreitt og svarað þeim með orðsendingum. Haldinn var fundur 8. nóv. þar sem aukaverk og kröfur voru rædd og var gerð sér fundargerð vegna þess. Aðilar eru ekki sammála um allar kröfur og er unnið frekar að. Vettvangur afgreiðslu þessa er orðsendingar og þá sérstaklega boðaðir fundir. Eftirlit og verktaki hafa verið, og eru að funda yfir þessum málum.



Verktaki hefur vakið athygli á eftirfarandi aukaverkum:

- Takkadúkur utan á einangrun er ekki skilgreindur verkliður. Eftirlit óskar eftir einingaverði verkþáttinn. Óafgreitt 31.01.18 HS
- Breytingar og uppsteypa trappna í núverandi byggingu er ekki skilgreindur verkþáttur. Óafgreitt 31.01.18 ASP
- Verklýsing fyllingar undir tengibyggingu við Sólvang. Sjá á teikningu vísað til punktálags. Eftirlit upplýsir að miða skuli við lýsingu á fyllingu innan grunns. Eftirlit mun skoða þetta frekar. Óafgreitt 31.01.18 ASP
- Breytingar, rof og endurgerð í núverandi byggingum vegna tengibyggingar, er ekkert gerð grein fyrir í gögnum og engir skilgreindir verkþættir vegna þessa. Óafgreitt 31.01.18 ASP
- Verktaki vekur athygli á þeirri vinnu sem hefur farið í rjúfa járnbandingu á svalaplötu og gröft fyrir svalaniðurfallsrörum, svalir 1.h. austur.
- Breyting frárennslis í kjallara fyrir nýjar handlaugar (3 staðir).
- Gönguhlið sem verktaki hefur sett upp að ofanverðu (við Sólvangsveg) heyrir undir aukaverk.

23. Magntölur.

Verktaki vekur athygli á að magn fyllinga í og utan grunns er nokkuð meira en magnskrá gerir grein fyrir. Verktaki mun leggja fram útreikninga/mælingar þess til uppgjörs verkþáttar. Verktaki hefur skilað inn bráðabirgða útreikningum fyrir fyllingar, en á eftir að skila inn nákvæmari útreikningum.

Verktaki hefur sent frá sér útreikninga varðandi magnaukningu á einangrun á grunnplötu.

Athygli er vakin á því að flotílögn sé líklegast nokkuð vanáætluð í magnskrá.

24. Rannsóknir.

Ekkert bókað.

25. Mælingar.

Ekkert bókað.

26. Bréf/orðsendingar.

Verktaki hefur lagt fram orðsendingar til og með nr. 31

Eftirlit hefur lagt fram orðsendingar til með nr. 28

Aftast í fundargerð þessari fylgir yfirlitsblað yfir stöðu orðsendinga.

27. Reikningar.

Framvindureikningur nr.7 hefur verið samþykktur.

Verktaki hefur einnig lagt fram reikninga vegna aukaverka sem fundað hefur verið um.

28. Kröfur.

Verktaki hefur í orðsendingum áskilið sér rétt og gert kröfu um tafadaga og um greiðslu kostnaðar vegna tafa s.br. orðsendingu.

Verktaki hefur gert grein fyrir kröfum með orðsendingu nr. 16 og 21/23 og eftirlit svarað með orðsendingum. Fundur hefur verið haldinn vegna þessa og er afgreiðsla þessara mála í vinnslu. Eftirlit og verkkaupi hafa hafnað



Þeim kröfum frá verktaka eins og þær voru lagðar fram, verktaki er ekki sammála þeirri niðurstöðu.

Verktaki spyrst fyrir um hvort von sé á afstöðu vegna kröfu um tæknivinnu, verkkaupi mun svara því sem fyrst. Með orðsendingu eftirlits nr. 28 var kröfu verktaka vegna tæknivinnu svarað.

Verktaki upplýsir um það að kröfur verktaka vegna upphafstafa, tímagjalda og tæknivinnu séu farin í innheimtu.

29. Tafabætur.

Ekki tekið fyrir.

30. Rif gamla mannvirkja.

Verkþætti vantar í samningsgögn vegna rifa og sögunar við tengibyggingar.

Það á einnig við um hluta lóðar þar sem ætlunin er að breyta henni milli nýbyggingar og lágbyggingar heilsugæslu.

31. Úttektir, byggingafulltrúi.

Úttektir byggingafulltrúa og byggingastjóra eru í samræmi við hefðbundið ferli. Sama gildir um úttektir eftirlits.

32. Verklok.

Verktaki áætlar verklok um miðjan nóvember 2018, samanber uppfærði heildarverkáætlun sem afhent var 09.01.2018.

33. Samningslok.

Ekki tekið fyrir.

34. Önnur mál.

Vetrarsteypa og aðhlúun

Eftirlit hefur sent út OS-18 þar sem óskað er eftir því að verktaki geri grein fyrir því hvernig hann hyggist standa að aðhlúun steyptra byggingarhluta m.t.t mismunandi hita- og veðurskilyrða.

Verktaki hefur ekki svarað OS-18 frá eftirliti, aðbúnaður og aðhlúun steyptra byggingarhluta hefur verið hagað í nánu samstarfi við eftirlit og gengið vel. Óskað eftir að verktaki svari umræddri orðsendingu.

31.01.18 HÁ

Útkast og loftinntak loftræsingar:

Verktaki vekur athygli á að loft inntak og loftfrákast loftræsikerfis er staðsett við dvalarsvæði/palla íbúa og stendur rör ca. 3 m upp fyrir endanlegt yfirborð lóðar. Rétt er að skoða þetta. Óafgreitt

31.01.18 HÁ

Gólfbrágangur, málun :

Verktaki veltir fyrir sér og óskar frekari upplýsingum um hvernig frágangur/málun sé háttað á ýmsum rýmum í kjallara (t.a.m lyftustokkum, tæknirými og lagnagangi). Eftirlit mun skoða málið og upplýsa verktaka. Eftirlit afgreiddi fyrirspurn verktaka með orðsendingu nr.27.

Verktaki óskar einnig eftir frekari upplýsingum um gólfefni og gólfefnayfirliti. Óafgreitt.

31.01.18 HÁ



Þá vekur verktaki athygli á eftirtöldum atriðum:

- Verktaki hefur áður bent á áhyggjur sínar varðandi þéttleika steypuskila og velt upp þeim möguleika að bræða asfaltdúk yfir steypuskil til að loka hugsanlegum lekaleiðum. Eftirlit óskar eftir einingaverði í slíkan verkþátt sem miði þá við að undir hann sé grunnað með viðeigandi grunni og eldsoðinn asfaltdúkur yfir steypuskil. Miðað verði við að dúkur dekki bæði láréttu steypuskilin við plötur, ca. 50cm breiður. Óafgreitt. 31.01.18 HS
- Fyrirskrifaðar er mottuþrær við 2 innganga. Við uppsteypu var ekki gert ráð fyrir lækkun þar í steypu. Á umræddu svæði eiga jafnframt að koma gólfhitalagnir. Rætt var hvernig þessu skuli fyrirkomið og hvernig útfært, en það er óljóst í gögnum. Eftirlit mun fara yfir með ráðgjöfum/verkkaupa og gera grein fyrir. Óafgreitt. 31.01.18 ASP
- Verktaki bendir á að að einungis sé staðsettur 1stk ofn í tengigangi kjallara við eldri byggingu.
- Verktaki fer fram á að fá greitt fyrir gustlokun á nýbyggingu. Verktaki geri grein fyrir því og rökstyðji með tilvísun til gagna með orðsendingu, afstaða tekin í framhaldi af því. Óafgreitt. 31.01.18 HS

Samþykkt fyrir hönd verktaka:

Samþykkt fyrir hönd verkkaupa:

RFI LOG

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
31	Tímagjöld - Svar við orðsendingu eftirlits nr. 26	Open		Arnar Smári Porva...	01/15/2018	Hreinn Sigurðsson	01/20/2018		Arnar Smári Porva...		TBD		TBD	None
30	KRAFA VEGNA UPPHAFSTAFA - STAÐA 1. JANÚAR 2018	Open		Arnar Smári Porva...	01/07/2018	Hreinn Sigurðsson	01/12/2018		Arnar Smári Porva...		41 days		kr19,187,940.00	None
29	Tilkynning verktaka um verðbreytingar vegna aukins vindálags	Open		Arnar Smári Porva...	01/06/2018	Hreinn Sigurðsson	01/11/2018		Arnar Smári Porva...		Yes (Unknown)	007-000 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None
28	Tímalína í upphafi verks	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	11/27/2017	Hreinn Sigurðsson	12/02/2017		Arnar Smári Porva...		35 days		Yes (Unknown)	None
27	Festingar/brautir fyrir hlaupakött lyftubúnaðar í íbúðum	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	11/24/2017	Hreinn Sigurðsson	11/29/2017		Arnar Smári Porva...		Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
26	Timburklæðning	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	11/24/2017	Hreinn Sigurðsson	11/29/2017	01/08/18			Yes (Unknown)	007-000 - Frágangur utanhúss	TBD	None
25	Hæðir og mismunandi gerðir lofta	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	11/24/2017	Hreinn Sigurðsson	11/29/2017	01/08/18			Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
24	Veggjagerðir gipsveggja	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	11/24/2017	Hreinn Sigurðsson	11/29/2017	01/08/18			Yes (Unknown)	006-000 - Frágangur innanhúss	TBD	None
23	KRAFA: Tími og kostnaður vegna tafa af völdum hönnunargagna í ágúst og september 2017	Open		Arnar Smári Porva...	10/11/2017	Hreinn Sigurðsson	10/16/2017		Arnar Smári Porva...		5 days		kr3,944,838.00	None
22	Gluggar og útihurðir	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Porva...	10/06/2017	Tómas H. Tómasson	10/11/2017	01/08/18		6.5.1 Gluggar og útihurðir				Tómas H. Tómasson, (Munck Íslandi)
21	TAFIR VEGNA HÖNNUNARGAGNA	Open		Arnar Smári Porva...	09/22/2017	Hreinn Sigurðsson	09/27/2017		Arnar Smári Porva...		Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
20	FLÓTTASTIGAR OG UNDIRSTÖÐUR ÞEIRRA	Closed		Arnar Smári Porva...	09/21/2017	Hreinn Sigurðsson	09/26/2017	01/08/18			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
19	ÁLKLÆÐNING	Closed		Arnar Smári Porva...	09/21/2017	Hreinn Sigurðsson	09/25/2017	01/08/18			Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss		None
18	VINDÁLAGSFORSENDUR	Closed		Arnar Smári Porva...	09/20/2017	Hreinn Sigurðsson	09/25/2017	11/04/17			Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
17	PYNGDIR BENDISTÁLS	Closed		Arnar Smári Þorva...	09/14/2017	Hreinn Sigurðsson	09/19/2017	01/08/18				003-000 - Burðarvirki	Yes (Unknown)	None
16	KRAFA: Tafir í upphafi verks og afleiddur kostnaður	Open		Arnar Smári Þorva...	09/06/2017	Hreinn Sigurðsson	09/15/2017		Arnar Smári Þorva...		35 days		kr14,235,460.00	None
15	Gólfhæð á kjallara og rampur að eldri byggingu	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/24/2017	Guðmundur Þórðarson	07/29/2017	09/06/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
14	Misræmi í verkögnum varðandi efnisval á þakainangrun og vatnsþéttilag	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/24/2017	Guðmundur Þórðarson	07/29/2017	01/08/18			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
13	Öryggishandbók fyrir Sólvang hjúkrunarheimili	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/21/2017	Guðmundur Þórðarson	07/26/2017	08/17/17			No		No	None
12	Undirstöður að klöpp	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/19/2017	Guðmundur Þórðarson	07/24/2017	07/24/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
11	Breyting á grungildi vindálags skv. orðsendingu Verkís nr. 9, dags. 11.júlí 2017	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/13/2017	Guðmundur Þórðarson	07/18/2017	11/04/17			Yes (Unknown)	007 - Frágangur utanhúss	Yes (Unknown)	None
10	Windload Criteria, Vindálagforsendur fyrir frágang utanhúss, kafla 6.2.0, veggfletir og gluggar	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/13/2017	Guðmundur Þórðarson	07/18/2017	11/04/17			N/A		N/A	None
9	Svar við orðsendingu eftirlits nr.010, dags. 11.júlí 2017, Ösk um tímagjald vegna vinnu við viðbótar- og aukaverk	Open	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/12/2017	Guðmundur Þórðarson	07/17/2017		Arnar Smári Þorva...		N/A		N/A	None
8	Kafla 6.2 Vindálag	Closed	Munck Íslandi	Arnar Smári Þorva...	07/03/2017	Guðmundur Þórðarson	07/08/2017	08/31/17			N/A		N/A	Guðmundur Þórðarson, (Munck Íslandi)
7	GRÓF ÚTSETNING SÖKKULVEGGJA OG SÚLNA VEGNA GRUNDUNAR	Closed		Arnar Smári Þorva...	06/09/2017	Hreinn Sigurðsson	06/14/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
6	STÆKKUN GRAFTAR OG MEÐHÖNDLUN YFIRBORÐS	Closed		Arnar Smári Þorva...	06/02/2017	Hreinn Sigurðsson	06/07/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
5	JARÐVEGSGRUNNUR OG GRUNDUN	Closed		Arnar Smári Þorva...	05/29/2017	Hreinn Sigurðsson	06/05/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
4	AFHENDING SVÆÐIS OG UPPHAF FRAMKVÆMDA	Closed		Arnar Smári Þorva...	05/24/2017	Hreinn Sigurðsson	05/29/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
3	Afmörkun og skipulag vinnusvæðis	Closed		Arnar Smári Þorva...	05/19/2017	Hreinn Sigurðsson	05/24/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		kr1,594,706.00	None

#	Subject	Status	Responsible Contractor	Assignee	Date Initiated	RFI Manager	Due Date	Closed Date	Ball In Court	Location	Schedule Impact	Cost Code	Cost Impact	Received From
2	Formleg afhending vinnusvæðis, leyfismál, verkeikningar og önnur gögn	Closed		Arnar Smári Þorva...	05/19/2017	Hreinn Sigurðsson	05/24/2017	08/31/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None
1	Upplýsingar, gögn o.fl. sem verktaki óskar eftir í upphafi verks	Closed	Munck Íslandi	Stefán B. Veturli...	05/16/2017	Hreinn Sigurðsson	05/17/2017	08/14/17			Yes (Unknown)		Yes (Unknown)	None